

## Fjalakötturinn

Aðalstræti 8

Í júlí 1893 var nýtt leikhús opnað í Reykjavík. Þetta var viðbygging við hús Valgarðs Breiðfjörðs kaupmanns, Aðalstræti 8, og var gengið inn í það frá Grjótagötu. Húsið þótti ekki sérlega vandað og var manna á meðal nefnt „Fjalakötturinn“. Þetta var þó fyrsta hús Reykjavíkur sem var byggt sem leikhús.

Valgarður Ólafsson, sem nefndi sig W.Ó. Breiðfjörð, var kaupmaður og útgerðarmaður. Hann lét talsvert að sér kveða í reykvískum bæjarmálum og gaf um skeið út blaðið *Reykvíking*. Tildrög þess að hann ákvað að reisa leikhús voru þau að árið 1892 komu hingað tveir danskir leikarar, hjónin Olga og Edward Jensen, og sýndu listir sínar í Gúttó. Þótti Breiðfjörð ekki við hæfi að bjóða þeim jafn fátæklegt leikhús og Gúttó og er ekki ólíklegt að hann hafi ráðfært sig við Jensen leikara um fyrirkomulag hins nýja húss.

Frá 1893 til 1897 var mikið leikið í Fjalakettinum og árið 1895 reyndi Indriði Einarsson að stofna þar leikfélag sem varð skammlíf. Breiðfjörð kaupmaður vonaði að leikhúsið hans yrði framtíðarleikhús höfuðstaðarins, en þær vonir urðu að engu með tilkomu Iðná. Leikhússalnum var síðar breytt í bíosal og þar var fyrsta kvikmyndahús Reykjavíkur í um tvo áratugi.

„Leiksviðið var ekki lítið, en fyrir því var fortjald með íslenskum bæ og var vetrarlandslag í kring. Þegar maður kom inn, þá hryllti manni við, því þetta var svo kuldalegt. Fortjald þetta var allt málað með húsamálningu og svo þungt, að það þurfti fílefla karlmenn til að draga það upp.“

Eufemía Waage, dóttir Indriða Einarssonar, um leikhúsið í Fjalakettinum, Breiðfjörðsleikhús.



W.Ó. Breiðfjörð.



Indriði Einarsson.

